

FRAMSELD ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/771 2019/EES/15/31

frá 25. janúar 2018

um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis festingarbúnaðar sem notaður er við byggingarframkvæmdir og sem ætlaður er til að koma í veg fyrir eða stöðva fall úr hæð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ⁽¹⁾, einkum 28. gr. og h-lið 60. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ekki er fyrir hendi viðeigandi ákvörðun til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis festingarbúnaðar sem notaður er við byggingarframkvæmdir og sem ætlaður er til að koma í veg fyrir eða stöðva fall úr hæð („festingarbúnaður“). Því er nauðsynlegt að ákvarða hvaða kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis eigi að nota fyrir festingarbúnaðinn.
- 2) Með tilliti til þess að festingarbúnaðurinn er ætlaður til að koma í veg fyrir eða að stöðva fall einstaklings úr hæð þykir rétt að velja kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis sem felur í sér áframhaldandi eftirlit, mat og úttekt á framleiðslustýringu verksmiðju og úttektarprófun á sýnum sem tilkynntur vottunaraðili vörunnar tekur í verksmiðjunni eða í geymsluaðstöðu framleiðandans.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi ákvörðun gildir um festingarbúnað sem notaður er við byggingarframkvæmdir og sem ætlaður er til að koma í veg fyrir eða stöðva fall úr hæð.

2. gr.

Meta skal og sannprófa stöðugleika nothæfis festingarbúnaðarins, sem um getur í 1. gr., í tengslum við mikilvæga eiginleika hans, í samræmi við kerfið sem tilgreint er í viðaukanum.

*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 25. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 129, 25.5.2018, bls. 82. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 243/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjttíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

VIÐAUKI

KERFI TIL AÐ META NOTHÆFI OG SANNPRÓFA STÖÐUGLEIKA ÞESS

Vörur og fyrirhuguð notkun	Mikilvægir eiginleikar	Núverandi kerfi
Festingarbúnaður sem notaður er við byggingarframkvæmdir og sem ætlaður er til að koma í veg fyrir eða stöðva fall úr hæð	Fyrir alla mikilvæga eiginleika	1+